

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fundur í stjórn Reykjanesfólkvangs

26. júní 2024, kl. 16:00

Borgartúni 12-14 og á Teams

Mættir: Kristinn Jón Ólafsson, Gísli Sveinbergsson og Sverrir B. Magnússon.

Ásrún Kristinsdóttir, Bergur P. Benjamínsson og Helga H. Björnsdóttir tóku þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

Einnig sátu fundinn: Þórólfur Jónsson (ÞJ) sem ritaði fundargerð. Glóey Helgudóttir Finnsdóttir tók þátt gegnum fjarfundarbúnað.

Þetta gerðist:

1. Landvarsla og fjárhagsstaða

Gengið hefur verið frá samningi við landvörð um óbreytta landvörslu í sumar. ÞJ upplýsti um kostnað og fjárhagsstöðu fólkvangsins. Kostnaður vegna landvarðar hækkaði aðeins umfram verðlagshækkun en greiðslur sveitarfélaganna, þ.e. hálf árgjald frá þeim sveitarfélögum sem eru að ganga úr fólkvanginum og óbreytt gjald frá Garðabæ, Grindavíkurbæ og Hafnarfjarðarbæ, ásamt sjóði sem var til, munu duga fyrir óbreyttri landvörslu í sumar.

2. Útganga sveitarfélaga úr Reykjanesfólkvangi

Staðfesting liggur fyrir á útgöngu Reykjavíkurborgar, Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Voga, Seltjarnarnesbæjar og Kópavogsbæjar. Útganga er tímasett 30. júní 2024 og hafa fyrrnefnd sveitarfélög öll greitt hálf árgjald miðað við hlutfallsgreiðslur fyrir árið 2024 til fólkvangsins. Fulltrúar Garðabæjar, Grindavíkurbæjar og Hafnarfjarðarbæjar sitja áfram í stjórn Reykjanesfólkvangs. Þessi niðurstaða hefur borist til Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins sem gert er ráð fyrir að vinni nauðsynlegar breytingar á auglýsingu um Reykjanesfólkvang í samræmi við ofangreinda niðurstöðu.

3. Bókun fráfarandi stjórnar

Við útgöngu Reykjavíkurborgar, Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Voga, Seltjarnarnesbæjar og Kópavogsbæjar úr Reykjanesfólkvangi vill fráfarandi stjórn koma eftirfarandi bókun og tillögu á framfæri.

Frá stofnun Reykjanesfólkvangs árið 1975 hefur skort samvinnusamning eða samþykkt sem veitir stjórn fólkvangsins skýrt umboð til að taka ákvarðanir og móta tillögur sem falla að verksviði stjórnar sem er í dag fyrir vikið óljóst.

Þá skortir stefnumörkun fyrir fólkvanginn og skýra ferla á milli eigenda, stjórnar og framkvæmdaraðila á svæðinu um m.a. verkefni fólkvangsins, samráð og ákvarðanir. Umhverfisstofnun hefur ekki lokið stjórnunar- og verndaráætlun fyrir fólkvanginn sem þeim ber að gera fyrir friðlýst svæði samkvæmt lögum, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir stjórnar Reykjanesfólkvangs í gegnum árin og grunnvinnu að stjórnunaráætlun sem stjórn fólkvangsins vann árið 2014.

Að auki er rekstur fólkvangsins óljós vegna þeirra breytinga sem fyrir liggja á stjórninni.

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fráfarandi stjórn Reykjanesfólkvangs leggur því til að farið verði í heildrænt samtal og samráð um stefnumótun í náttúruvernd í Reykjanesfólkvangi, m.a. í ljósi þeirra jarðhræringa sem hafa geisað á svæðinu og nýtilkominnar markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins. Mikilvægt er að rýna vel hverskonar fyrirkomulag sé best til þess fallið að vinna að þeim markmiðum sem stefnumótunin leiðir af sér. Einkum með hvaða hætti hlutverkum, aðgerðum og fjármögnun verði skýrt skipt á milli m.a. ríkis, sveitarfélaga og viðeigandi hagaðila. Ástæða væri til að líta til útivistarsvæða á öllu Reykjanesinu og höfuðborgarsvæðinu, auk núverandi fólkvangs og jarðvanga bæði innan og í næsta nágrenni við Reykjanesfólkvang. Því tengt hvetur fráfarandi stjórn til þess að skoðuð verði gaumgæfilega tækifæri sem felast í því að sameina samliggjandi friðlýst svæði með ótal náttúruperlum á Reykjanesinu og höfuðborgarsvæðinu.

Óskum við nýrri stjórn Reykjanesfólkvangs alls hins besta fram á við í sínum verkum. Með einlægri von um betri umgjörð og stjórnsýslu utan um náttúruvernd og friðlýsingu á Reykjanesinu.

Ofangreind bókun skal auk fyrrnefndra sveitarfélaga send neðangreindum hagaðilum:

Umhverfisstofnun

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

Markaðsstofa Reykjanes

Reykjanes Geopark

4. Bókun um starfsmann Reykjanesfólkvangs

Lagt er til að Þórólfur Jónsson, núverandi starfsmaður fólkvangsins og Reykjavíkurborgar, sinni greiðslu reikninga út núverandi starfstímabil landvarðar eða þar til skipaður hefur verið nýr gjaldkeri/verkefnastjóri, en þó eigi lengur en út árið 2024.

5. Bókun fráfarandi stjórnar

Fráfarandi stjórn óskar þess að áframhaldandi stjórnarmeðlimir eða nýtt framtíðar fyrirkomulag utan um Reykjanesfólkvang skoði vel alla möguleika til þess að bæta aðgengi fyrir öll innan fólkvangsins.

Fundi slitið kl. 16:45.